



ÁÐALFUNDUR GOLFKLÚBBS ÍSAFJARÐAR 2024

Haldinn á skrifstofu Vestfjarðastofu, Vestrahúsinu Ísafirði, sunnudaginn 15. desember 2024 kl 14:00
Mættir voru 10 félagar ásamt fráfarandi stjórn

Formaður bauð fundargesti velkomin og stakk upp á Shiran Þórisson verðir fundarstjóri og Magnea Garðarsdóttir fundaritari, þau voru samþykkt

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins. Fundarstjóri fékk staðfestingu frá fundargestum að fundurinn hafi verið löglega boðaður og gekk því næst til dagskrár.

Dagskrá

1. Skýrsla stjórnar

Formaður kynnti skýrslu stjórnar og sagði jafnframt frá því að mikil tiltekt hefði verið síðasta ár og golfskálinn í góðum málum. Formaður sagði frá því að Golfklúbburinn hyggst sækja um Uppbyggingarstyrk hjá Ísafjarðarbæ til að lagfæra stíga til að golfbílar geti farið um völlinn. Einnig talaði formaður til standi að gera breytingar á húsnæði og uppfæra búnað í golfherminum.

Fundargestir tóku þátt og notuðu tækifærið og spurðust fyrir um þau mál.

2. Ársreikningur 2024 lagður fram til samþykktar

Gjaldkeri Shiran Þórisson fór yfir ársreikninginn.

Fundarstjóri bar upp ársreikninginn og var hann samþykktur.

3. Ákvörðun um árgjöld næsta árs.

Gjaldkeri Shiran Þórisson fór yfir að ákveðið hefði verið að halda árgjöldum sama og í fyrra. Þá hefði verið gerðar breytingar og árgjald hækkað. Ekki þótti þess þörf að hækka aftur í ár.

Fundarstjóri bar upp þá ákvörðun og var hún samþykkt.

4. Fjárhagsáætlun 2025

Rekstrarliðir	Áætlun 2024-2025	Raun2023-2024	Athugasemdir við áætlun
Tekjur :			
Félagsgjöld	6.500.000	6.721.750	
Framlög og styrkir	4.000.000	4.154.165	
Tekjur af mótum	1.600.000	1.641.450	
Auglýsingatekjur	2.500.000	2.700.250	
Húsa- og vallarleigutekjur	5.200.000	5.402.250	
Aðrar tekjur	3.900.000	3.912.089	
Samtals tekjur	23.700.000	24.531.954	
Gjöld:			
Kostnaður vegna keppnisferða	200.000	189.000	
Rekstur mannvirkja, véla og tækja	8.700.000	8.609.940	
Laun, verktakagreiðslur og tengd gjöl	8.500.000	9.865.629	Búið að tala við 3 starfsmenn um sumarið
Kostnaður vegna mótahalds	100.000	66.000	
Reksturs skrifstofu	2.300.000	2.291.893	
Golfkennsla			Golfkennari innheimtir sjálfur í stað þess að við rukku
Barna- og unglingsstarf	100.000		Golfkennari innheimtir sjálfur í stað þess að við rukku
Samkeppnisrekstur	2.100.000	2.053.353	
Ófyrirséð	1.500.000		
Samtals gjöld	23.500.000	23.075.815	
Rekstrarniðurstaða	200.000	1.456.139	
Fjárfestingar			
Viðhald vallar, skála og bílastæðis	4.000.000	3.433.915	
Kaup og viðhald áhaldna og tækja	1.000.000		
Vökvunarbúnaður		5.380.000	
Gatari með Bolvikingum		499.521	
Styrkur á móti fjárfestingum	-4.000.000	-5.380.000	
Samtals Fjárfestingar	1.000.000	3.933.436	
Yfirlit yfir sjóðstreymi			
Sjóðsstaða í upphafi árs	10.224.056	10.224.056	
Rekstrarafkoma	200.000		
Fjármagnstekjur	250.000		
Fjárfestingar	-1.000.000		
Sjóðsstaða í lok tímabils	9.674.056	14.987.854	

5. Kosning stjórnar og skoðunarmanna

Fundarstjóri sagði frá að stjórn setti saman uppstillingarnefnd sem í voru Guðjón Helgi Ólafsson, Þorvaldur Óli Ragnarsson og Gunnar Þórðarson og var eftirfarandi uppstilling stjórnar sett fram;

Aðalstjórn til tveggja ára (kosin á aðalfundi):

Neil Shiran Þórisson
Guðni Ólafur Guðnason
Hákon Dagur Guðjónsson

Aðalstjórn seinna ár:

Kristján Elías Ásgeirsson (í stað Guðjóns Helga)
Daníel Jakobsson
Þorvaldur Óli Ragnarsson

Varastjórn til eins árs (kosin a aðalfundi):

Soffía Þóra Einarsdóttir
Elías Ari Guðjónsson
Freygerður Ólafsdóttir

Var tillagan borin upp til samþykkis, hún samþykkt með lófaklappi

Borin var upp tillagan um formann

Formaður: Guðjón Helgi Ólafsson

Var tillagan samþykkt með lófaklappi.

Borin var upp tillaga um skoðunarmenn ársreikninga

Andrés Guðmundsson
Ásgerður Þorleifsdóttir

Var tillaga samþykkt

6. Lagabreytingar

Á ekki við nú

7. Verðlaunaafhendingar

Formaður mótanefndar Guðni Ó Guðnason kynnti Skálameistara Golfklúbbs Ísafjarðar 2024.

Skálameistari kvenna er Ásdís Pálsdóttir sem verður færð bikar við fyrsta tækifæri.
Skálameistari karla er Guðbjörn Salmar Jóhannsson og var honum veittur bikar.

Guðni kynnti Holumeistara Golfklúbbs Ísafjarðar 2024.

Holumeistari er Sólveig Pálsdóttir og var henni veittur bikar.

8. Önnur mál

- Fráfarandi formaður talaði um gömul gögn sem eru um allan bæ hjá gömlum formönnum og riturum. Gott væri að ná á þessum gögnum og koma þeim saman. Hugmynd kom fram að tala við Sigrúnu Höllu Tryggvadóttir um að taka saman sögu golfklúbbsins. Eftir 4 ár verður klúbburinn 50 ára og væri frábært að stefna á útgáfu í því tilefni.
- Rætt var um sláttur róbóta og hvort það yrði framtíðin. Fráfarandi formaður sagði að því yrði hiklaust að hugsa út í það næst þegar þarf að endurnýja tækjakost.
- Rætt var um skápmál en fram kom að þau höfðu verið rædd að fundi stjórnar sem haldinn var fyrir aðalfund og bókað um þau. Var fundargestum sagt frá því að þau mál yrðu skoðuð heilstætt og fer ný stjórn í þau mál.
- Fundargestir ræddu hugmyndir um breytingar á staðsetningu golfskálans. Hvort svoleiðis kostur væri fýsilegur. Fram kom að svoleiðis mál þyrfti að skoða í heild sinni með öðrum breytingum eins og vélageymslu og þyrfti að fara í á vel ígrunduðu máli.

Fleira var ekki gert, en fundarstjóri gaf nýkjörnum formanni Guðjóni lokaorðið sem hlakkar til starfsins og samstarfi við nýja og gamla stjórnarmenn. Formaður segist brenna fyrir starfinu og íþróttinni og þakkar fráfarandi formanni fyrir gott starf. Formaður segir bjartir tímar framundan.

Fundi slitið kl. 15:00

Fundaritun

Magnea Garðarsdóttir